



Breytingar á dagdvalarþjónustu og heimsendingu matar

Samkvæmt ákvörður 43. fundar sveitarstjórnar hefur verið ákveðið að uppfæra gjaldskrár sveitarfélagsins þegar kemur að dagdvöl og félagslegri heimaþjónustu ásamt reglum sem kveða á um þjónustuna.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn tekur undir þær tillögur sem lagðar eru fram í minnisblaði og felur sveitarstjóra og velferðar- og fræðslunefnd að fylgja því eftir að finna farveg fyrir þau mál sem Langesbyggð er gert að sinna samkvæmt samningi. Þá felur sveitastjórn sveitastjóra að uppfæra gjaldskrár þær sem um er fjallað í minnisblaðinu og jafnframt að fara að undirbúa innheimtu á þeim gjöldum sem okkur ber að gera samkvæmt lögum.

Dagdvöl á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Nausti

Hingað til hefur Langesbyggð ekki innheimt dvalargjald fyrir sína dagdvalargesti. Samkvæmt reglugerð 1245/2016 um dagdvöl aldraðra kemur fram að samkvæmt lögum eigi dvalargestir að greiða dvalargjald:

5. gr. Greiðslur dvalargests.

Dagdvalargestur greiðir 1.579 kr. fyrir hvern dvalardag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum. Stjórnendur dagdvalar innheimta gjaldið. Stjórnendur ákveða hversu oft í mánuði gjaldið er innheimt. Kostnaður vegna flutningsþjónustu er innifalinn í gjaldinu.

Því mun **frá og með júlí 2025 vera innheimt dvalargjald** samkvæmt gjaldskrá reglugerðar 1245/2016 um dagdvöl aldraðra.

Heimsendur matur

Langesbyggð er með samning við Norðurþing um félagsþjónustu í sveitarfélaginu og starfar Langesbyggð því eftir reglum félagsþjónustu Norðurþings. Því er verið að sæmræma reglur sem kveða á um heimsendan mat hjá sveitarfélögunum.

Þeir sem óska eftir þjónustu á heimsendum mat þurfa að senda inn umsókn á þar til gerð eyðublöð Norðurþings sem félagsráðgjafi yfirfer og metur þörfina fyrir heimsendan mat. Eyðublöðin má nálgast á heimasíðu Langesbyggðar og Norðurþings, eða útprentaðar á Nausti eða skrifstofu Langesbyggðar.



Frá og með júlí 2025 verður gjald heimsends matar uppfært og verður hið sama og gjald fyrir dagdvöl á Nausti. Þeir sem ekki eiga ekki eiga samþykktar umsóknir félagsráðgjafa Norðurþings detta út úr heimsendingarþjónustu matar þar til umsóknir hafa verið sendar inn og samþykktar.

Ef einhverjar spurningar eru má hafa samband við Félagsþjónusta Norðurþings:
Fanney Hreinsdóttir, sími 4646100, fanney@nordurthing.is

Tengiliður í Langanesbyggð er forstjóri Nausts, sími 468-1322,
naust@langanesbyggd.is

Dags

Undirskrift



Umsókn um heimsendan mat

Almennar persónuupplýsingar:

Nafn: _____ Kennitala: _____

Lögheimili: _____ Póstnúmer: _____ Staður: _____

Netfang: _____ Sími/gsm: _____

Nánasti aðstandandi: _____

Hvernig eru tengsl: _____

Matur óskast eftirtalda daga:

Sunnud.

☐

Mánud.

☐

Þriðjud.

☐

Miðvikud.

☐

Fimmtud.

☐

Föstud.

☐

Laugard.

☐

Athugasemdir:

Dagsetning

undirskrift umsækjanda

Fyrirvari:

Fari umskóknaraðili að heiman þá daga sem heimsendur matur berst þeim, er á þeirra ábyrgð að afpanta matinn þá daga, annars greiðir viðkomandi matinn. Hafið samband við Fanneyju Hreinsdóttir í síma 464 6100.



prenta út umsókn

